

Rafrænn persónuafsláttur

Í byrjun árs 2016 voru skattkort lögð af og nýtt fyrirkomulag persónuafsláttar tekið upp.

Breytingin var gerð í þeim tilgangi að bæta þjónustu við launþega og launagreiðendur varðandi nýtingu persónuafsláttar í staðgreiðslu.

Samhliða þeirri breytingu efldi ríkisskattstjóri eftirlit með nýtingu persónuafsláttar svo hægt yrði að leiðrétta ofnýtingu. Ríkisskattstjóri mun halda áfram á næstu árum að þróa verklag til að ná meiri árangri með þetta nýja fyrirkomulag.

Frá og með staðgreiðsluskilum janúarlauna 2017 mun ríkisskattstjóri óska eftir ítarlegri upplýsingum fyrir hvern starfsmann frá launagreiðendum við staðgreiðsluskil.

Með þessu verður hægt að efla upplýsingagjöf enn frekar og koma í veg fyrir óþarfa skuldir launamanna við álagningu eftir framtalsskil.

Til viðbótar við hefðbundnar staðgreiðsluupplýsingar er óskað eftir að launagreiðendur tilgreini á skilagrein eftirfarandi:

- **Nýttan persónuafslátt**
- **Skiptingu staðgreiðsluskyldra greiðslna í skattþrep**

Sú fjárhæð sem telst staðgreiðsluskyldar greiðslur eru m.a. laun, staðgreiðsluskyldir dagpeningar, staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur og bifreiðahlunnindi. Frá þeirri fjárhæð skal draga iðgjald launamanns í lífeyrissjóð að hámarki 8% af launum.

Launagreiðendur sem skila staðgreiðsluupplýsingum með rafrænum hætti í gegnum launakerfi verða að ganga úr skugga um að þeir séu með uppfærða útgáfu launakerfa svo þessar viðbótarupplýsingar skili sér.

Þjónustuvefur ríkisskattstjóra verður uppfærður fyrir skil á janúarlaunum með vísan til framangreinds.

Þegar þetta fyrirkomulag hefur verið innleitt verður ekki hægt að skila upplýsingum um staðgreiðslu án þess að framangreindar upplýsingar fylgi.